

## Svar

### fjármála- og efnahagsráðherra við fyrirspurn frá Katrínu Jakobsdóttur um hæstu og lægstu laun hjá ríkinu.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hver eru hæstu heildarlaun hjá ríkinu og opinberum fyrirtækjum, þ.e. laun þess hundraðshluta sem hæstar tekjur hefur að meðtöldum öllum starfstengdum greiðslum og yfirvinnu, og fyrir hvers konar störf eru þau greidd?*
2. *Hver eru lægstu heildarlaun hjá hinu opinbera og hverjir eru lægstu launataxarnir, þ.e. hjá lægsta hundraðshlutanum, og um hvers konar störf er þar að ræða?*
3. *Hver hefur þróun launabils á milli fyrrgreindra tveggja hópa verið síðustu 20 árin?*

Svarið er unnið upp úr nýjustu upplýsingum um dreifingu launa fullvinnandi launamanna sem birtar eru árlega á vef Hagstofu Íslands en þær ná aftur til ársins 2008. Upplýsingar fyrir tímabilið þar á undan eru unnar upp úr launakerfi ríkisins. Þessar upplýsingar eru einungis til fyrir efstu og neðstu 10% hópsins. Ráðuneytið býr ekki yfir miðlægum upplýsingum um launakjör starfsmanna í opinberum fyrirtækjum. Árið 2015 voru þeir sem höfðu 10% hæstu tekjurnar með að lágmarki um 983 þús. kr. á mánuði í heildarlaun og sinnir sá hópur aðallega stjórnendastörfum, sérfræðistörfum innan flugstétta eða störfum sérfræðilækna. Tekjuhópur 10% lægst launuðu var með að hámarki um 385 þús. kr. á mánuði í heildarlaun og sinnir sá hópur aðallega ófaglærðum þjónustustörfum. Bilið á milli launa tekjuhæsta hópsins miðað við launin hjá þeim lægstu hefur dregist saman á tímabilinu 1997–2015. Yfirlit um tölurnar eru í eftirfarandi töflu.

*Dreifing launa fullvinnandi launamanna.  
Opinberir starfsmenn – ríkisstarfsmenn – heildarlaun.*

Í þús. kr.	Eining		Hlutfall
	10%	90%	90% / 10%
1997	94	270	2,9
1998	109	313	2,9
1999	115	340	3,0
2000	125	361	2,9
2001	139	404	2,9
2002	150	449	3,0
2003	160	470	2,9
2004	171	486	2,8
2005	182	516	2,8
2006	199	569	2,9
2007	217	616	2,8
2008	252	698	2,8
2009	260	696	2,7
2010	269	684	2,5
2011	288	724	2,5
2012	306	794	2,6
2013	333	841	2,5
2014	351	887	2,5
2015	385	983	2,6

Eining: Hlutfallstölurnar sýna hvar mörkin liggja á milli tíundahluta. Þannig eru 90% launamanna með lægri laun en gildið í dálkinum 90%

Heildarlaun eru öll laun einstaklingsins, þ.e. regluleg heildarlaun auk ýmissa óreglulegra greiðslna, svo sem orlofs- og desemberuppbótar, eingreiðslna, ákvæðisgreiðslna og uppgjors vegna uppmælinga. Við útreikninga er hvorki tekið tillit til hlunninda né akstursgreiðslna.

Heimild: Hagstofa Íslands 2008–2015 og launakerfi ríkisins 1997–2007.